

3. gr.

Við 18. gr. bætist: og umsækjendur.

4. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

1. gr.

Ákvæði 12. gr. breytast sem hér segir:

1. Kjalarnessprófastsdæmi.

Kirkjuvogssókn sem tilheyrir Grindavíkurprestakalli skal tilheyra Njarðvíkurprestakalli. Vallasókn nefnist Ástjarnarsókn og Vallaprestakall nefnist Tjarnaprestakall. Kálfatjarnarsókn sem tilheyrir Garðaprestakalli skal tilheyra Tjarnaprestakalli. Saurbæjarsókn skiptist milli Brautarholtssóknar og Reynivallasóknar. Sóknarmörk eru hin sömu og mörk Reykjavíkur og Kjósarhrepps.

2. Ísafjarðarprófastsdæmi.

Melgraseyrar- og Nauteyrarsóknir, sem tilheyra Staðarprestakalli, skulu tilheyra Hólma-
víkurprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi.

2. gr.

Starfsreglur þessar öðlast gildi 1. nóvember 2002. Stofnun Grafarholtsprestakalls, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, er frestað til 1. júlí 2004. Fram að þeim tíma tilheyrir Grafarholtssókn Árbæjarprestakalli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sett verði í sóknarprestsembætti í Prestsbakkaprestakalli frá 1. nóvember 2002 til árs-
loka 2003.

Sett verði í sóknarprestsembætti í Bíldudalsprestakalli frá 1. nóvember 2002 til ársloka 2003.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um kirkjuþing nr. 729/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um kirkjuþing nr. 729/1998.

1. gr.

Við 1. gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi:

Ennfremur hafa þeir prestar kosningarrétt sem settir eru til þjónustu í kjördæminu til lengri tíma en eins árs samfellt.

2. gr.

Í stað orðanna „tvo menn í stjórn Kirkjubyggingasjóðs, sbr. lög um Kirkjubyggingasjóð nr. 21 18. maí 2002 og mann í skipulagsnefnd kirkjugarða“ í 1. mgr. 35. gr. komi: og kjósa fulltrúa í kirkjugarðaráð.

1.-4. tl. 1. mgr. 35. gr. falla brott. 5. tl. verður 1. tl. og 6. tl. verður 2. tl.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfsætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. nóvember 2002.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.